

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Deiliskipulag við Hólabraut/Austurveg, Hrísey.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 25. apríl 2006 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að ofangreindu deiliskipulagi. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar lóðir, byggingarreitir og byggingarskilmálar fyrir lóðina nr. 7 við Austurveg og lóðir Hleinar og grunnskólans. Aðkoma verður um nýjan göngustíg við suðurenda lóðarinnar en hann liggur milli Hólabrautar og Austurvegar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulag við Grænhól, athafnasvæði, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 25. apríl 2006 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að ofangreindu deiliskipulagi. Um er að ræða 7 ha reit fyrir níu athafnasvæðislóðir (20 þús. m² byggingarmagn) vestan Hörgárbrautar og norðan Síðubrautar á Akureyri.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breytingu á deiliskipulagi Naustahverfis 2. áfanga, Þrumutún 2, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. febrúar 2006 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Um er að ræða breytingu á byggingarreit lóðarinnar nr. 2 við Þrumutún.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og hefur bæjarstjórnin lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón, sem einstakir aðilar kunnir að verða fyrir vegna hennar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breytingar á deiliskipulagi hesthúsabyggðar við Hlíðarholt, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 25. apríl 2006 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að eftirtöldum breytingum á deiliskipulagi hesthúsabyggðar við Hlíðarholt á Akureyri: Meginbreytingarnar á deiliskipulaginu felast í nýrri staðsetningu reiðhallar og breyttu fyrirkomulagi keppnisvalla. Síðubraut er einnig færð vestar á kaflanum frá Hlíðarfjallsvegi og norður fyrir Safirstræti.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breytingar á deiliskipulagi Naustahverfis I, Hólatún 2-20, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 13. júní 2006 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að eftirtöldum breytingum á deiliskipulagi Naustahverfis I, Hólatún 2-20, Akureyrarkaupstað:

Breyting er gerð á byggingarreit og húsagerð G2* á lóðunum við Hólatún 2-8 og 12-20. Byggingarreitir beggja lóða færast um 4 m til vesturs. Heimilt verði að byggja sólskála og stoðveggi allt að 2,5 m til vesturs. Gildandi deiliskipulag kveður á um að bilastæði verði upp við hús. Breytingartillaga gerir ráð fyrir að staðsetja bilastæði við lóðarmörk að austan.

Nr. 687

8. ágúst 2006

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 8. ágúst 2006,

Pétur Bolli Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. ágúst 2006